

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Sauðárkróki, fimmtudaginn 2. febrúar 2012, kl. 16.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Formaður setti fund og stjórnáði honum.

Dagskrá:

1. Verkefnastyrkir fyrir árið 2012

Samþykkt var að árinu 2012 yrði ein úthlutun með umsóknarfresti til 15. mars nk. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 eru um 23,5 milljónir til úthlutunar. Fyrir fundinum lágu drög að úthlutunarreglum fyrir árið 2012. Nokkrar breytingar voru gerðar á drögum en þau síðan samþykkt. Einnig var samþykkt að áfram yrði sent dreifibréf inn á öll heimili og fyrirtæki þar sem að auglýst yrði eftir verkefnastyrkjum til menningarstarfs, eins og verið hefur.

2. Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála

Á árinu 2011 ákvað Alþingi að þeir fjármunir, sem þingið hafði hingað til veitt til menningarverkefna á landsbyggðinni í formi stofn- og rekstrarstyrkja, yrðu færðir til menningarráða landshlutanna. Upphaflega var talað um tæpar 130 milljónir en að lokum urðu það 82,7 milljónir sem skiptast eiga milli landshlutanna sjö. Þann 11. janúar sl. barst bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um skiptingu fjáris og í hlut Norðurlands vestra áttu að koma 10,3 milljónir. Var þess óskað að stjórn SSNV skrifaði undir viðbótarsamning við ráðuneytið um þetta fjármagn. Stjórn SSNV er mjög ósatt með skiptingu þessa viðbótarfjár, m.a. með hliðsjón af því að á árinu 2011 komu 16 milljónir í hlut Norðurlands vestra í stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarmála og því er um gríðarlegan niðurskurð að ræða á milli ára. Einnig telur stjórnin að forsendur ráðuneytisins fyrir hlutfallsskiptingu fjáris séu ekki réttlátar. Því hefur stjórn SSNV ákveðið að skrifa ekki að svo stöddu undir samning við ráðuneytið um þetta viðbótarfé. Fyrir menningarráði lágu drög að úthlutunarreglum og umsóknareyðublaði vegna þessa viðbótarfjár en þar sem samningar eru ekki í höfn þá var umræðu um þennan lið frestað.

3. Fjárhagsyfirlit fyrir árið 2011

Lagt fram bráðabirgðayfirlit fyrir árið 2011. Rekstrarkostnaður ráðsins er samkvæmt áætlun. Ekki voru gerðar athugasemdir við yfirlitið.

4. Fundur formanna og menningarfulltrúa menningarráða landshlutanna

Formaður menningarráðs og menningarfulltrúi skýrðu frá sameiginlegum fundi þessara aðila sem haldinn var í Reykjavík 25. janúar sl.

5. Málþing

Rætt var um hvort menningarráð stæði fyrir málþingi um menningarmál á þessu ári. Fyrir fundinum lágu ýmsar hugmyndir um efni hugsanlegs málþings. Málinu frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál

Almennar umræður urðu um fleiri mál, s.s. tímasetningu næstu úthlutunar, verkefnið Þjóðleik, samstarf safna og setra, úthlutun listamannalauna o.m.fl. en ekki voru gerðar neinar samþykktir varðandi þessi málefni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 19.10.

Ingibergur Guðmundsson